

Ríkissaksóknari

Reykjavík 9. desember 2010.

Nefndasvið: Alþingis

Austurstræti 10

150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga), 313 mál.

Í frumvarpinu er að finna breytingar á allmörgum lögum. Ríkissaksóknari telur rétt að umsögn ríkissaksóknara lúti einvörðungu að þeim greinum frumvarpsins sem snerta starfssvið embættisins.

A. Í 10., 16., 20. og 28. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar þess efnis að skattrannsóknarstjóri geti í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum í málum sem viðkomandi lög taka til. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að stefnt sé að því með breytingunni að einfalda og flýta meðferð mála sem eru til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra en í núgildandi lögum sé ekki skýrlega kveðið á um slíka heimild. Því þurfi skattrannsóknarstjóri að kæra mál til lögreglu í þeim tilfellum sem þörf sé á leit og haldlagningu gagna á nefndum stöðum sem síðan fari með málið fyrir héraðsdóm. Í kjölfar leitar sé málinu vísað á ný til skattrannsóknarstjóra til áframhaldandi rannsóknar. Fram kemur að við framkvæmd húsleitar í kjölfar úrskurðar sé gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri geti leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd leitar.

Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu eðlilega miðað við núgildandi lög og til þess fallna að einfalda rannsóknaraðilum störf sín og gera þau skilvirkari. Því er lagt til að umræddar breytingar verði samþykktar.

Ríkissaksóknari bendir hins vegar á að hann hafi í bréfi til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins dagsettu 22. október sl. bent á nauðsyn þess að sameina þegar í stað efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara. Þá hefur komið fram í fyrri bréfum ríkissaksóknara til ráðuneytisins að huga þurfi að stofnun sérstaks embættis 2014 einskönar Ökokrim að Norski fyrirmynd þegar embætti sérstaks saksóknara

verður lagt niður 2014 en þá verður að huga sérstaklega að kostum þess og göllum að fella embætti skattrannsóknarstjóra þar undir.

B. Í 52. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á lögum um aukatekjur rikissjóðs í þeim tilgangi að þingfestingargjald og kærugjald til Hæstaréttar í málum, þegar deilt er um réttmæti krafna sem lýst er í þrotabú, taki mið af þeim hagsmunum sem um er deilt á sama hátt og í almennum einkamálum. Ríkissaksóknari er sammála þessari breytingu og telur hana eðlilega í ljósi almennrar hækkunar dómsmálagjalda og raka fyrir þeirri hækkun. Er því lagt til að breytingin verði samþykkt sem lög frá Alþingi.


Valtýr Sigurðsson

